

Arctic Smolt ehf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Selfossi, 25. júní 2024
Tilvísun: 2405988

Efni: Svar við andmælum Arctic Smolt vegna frávika í eftirlitsskýrslu

Þann 19. júní 2024 bárust Matvælastofnun athugasemdir Arctic Smolt (hér eftir eftirlitsþegi) við skoðunarskýrslu stofnunarinnar vegna eftirlits sem fram fór í Norður-Botni þann 3. og 4. júní 2024. Eftirlitsskýrslan var upphaflega send eftirlitsþega þann 5. júní en send aftur þann 7. júní. Athugasemdir eftirlitsþega snúa að þremur atriðum. Í fyrsta lagi um fullyrðingar Matvælastofnunar um að líkur væru á að fiskur hafi farið í Botnsá, í öðru lagi um fullyrðingar stofnunarinnar um saltlaust vatn og í þriðja lagi varðandi seinni varnir í frárennsli.

Hér er að finna athugasemdir eftirlitsþega og afstöðu Matvælastofnunar til þeirra.

1. Fullyrðingar um líkur á að fiskur hafi farið í Botnsá.

Í skoðunarskýrslu kemur eftirfarandi fram: „*Ljóst er að töluvert ferskvatn er fyrir utan stöð og líkur á að seiði hafi lifað af og synt upp í Botnsá enda langur tími frá strokatburði þar til net voru lögð.*“ Eftirlitsþegi er ósammála þessari fullyrðingu Matvælastofnunar og telur mjög lítar líkur á að einhver fiskur hafi lifað af og komist upp í Botnsá. Fiskurinn hafi farið í gegnum erfiða ferð sem hafi byrjað í miklum þrengslum í útrennslisboxinu áður en hann fór út úr kerinu. Fiskurinn hafi síðan fallið á gólfið þar sem hann hafi ekki verið lengur í vatni og byrjað að þorna upp. Þá hafi fiskurinn farið í gegnum niðurfallskerfið og allan tímann ekki almennilega á kafi í vatni. Hitamunur og seltustig hafi einnig neikvæð áhrif á veikburða fiskinn en þessi fiskur var 40 grömm að meðalþyngd og ekki smoltaður. Af öllum þessum ástæðum væri fiskurinn mjög veikburða þegar hann kom út. Á þessum tíma hafi verið fjara kl. 02:20 um nóttina sem þýðir að svæðið í kringum útrásina hafi að mest verið þurrt sem gefi fiskinum enn minni möguleika á að lifa af eða synda í burtu. Þá hafi dánartíðni í keri A1 aukist eftir atburðinn, líklega vegna þess að fiskur sem var ennþá á lífi var settur aftur í kerið af gólfinu, en dauðum fiski hafi verið safnað saman af gólfinu í kassa. Eftirlitsþegi bendir á að það að synda upp ána og fara í gegnum smoltunar ferlið sé erfitt verk fyrir heilbrigðan fisk og aðeins 2% þeirra villtu fiska sem fara í hafið komast aftur til að hrygna. Það taki heilbrigðan fisk tíma að gera þetta, en þess fiskur sem komst út hafi ekki verið í heilbrigðu ástandi, aðeins 40 grömm að meðalþyngd og ekki smoltaður. Eftirlitsþegi telur því fullyrðingar um að líkur séu á að fiskur hafi synt upp ána verði að teljast sem vangaveltur.

Matvælastofnun bendir á að ljóst sé af gögnum málsins og þeim upplýsingum sem stofnunin hefur fengið frá eftirlitsþega að þau seiði sem enduðu á gólfi stöðvarinnar hafi ekki farið öll í gegnum útrennslisbox kersins. Stofnunin telur ljós að einungis hluti af þeim seiðum sem flæddu út úr kerjunum hafi endað í útrennslisboxinu en stærsti hluti þeirra hafi farið yfir barma kersins og þannig endað á gólfi stöðvarinnar. Við barma kerjanna er viðbótarhækkun úr plexíglari en ljóst er að lítið álag þarf á þá hækkun til þess að vatn flæði á milli barma kerjanna og hækkunarinnar. Um leið og vatn kom upp fyrir barn kers A1 hafi seiðin því auðveldlega geta farið þar fram af og endað á gólfinu og líklegra að megnið af seiðunum hafi farið þannig úr kerjunum og á gólf stöðvarinnar. Þar af leiðandi eru miklar líkur á að einungis lítið magn seiða hafi verið í þrengslum í útrennslisboxinu eins og eftirlitsþegi heldur fram.

Þá telur stofnunin ljós að miðað við þann fjölda seiða sem enduðu á gólfinu hafi verulegt magn af vatni flætt út úr kerinu samhliða því. Þar af leiðandi hafi seiðin verið í vatni á gólfinu, þótt lítið hafi verið, og þ.a.l. ekki byrjað að þorna upp á gólfinu eins og eftirlitsþegi segir.

Ljóst er samkvæmt tilkynningu að 104 seiði fundust dauð í fjörunni þar sem fráveita úr húsi 3 kemur út í fjöruna, en samkvæmt atvikaskráningu eftirlitsþega sáust einnig lifandi seiði í vatninu. Óljóst er á hvaða tíma seiðin sáust lifandi þar sem tímaskráning í atvikalskráningu er ekki til staðar. Matvælastofnun dregur þá ályktun að það hafi verið á þeim tímapunkti þegar netin voru lögð út eða um 14 klukkustundum frá stroatburði. Hafi þau sést lifandi strax í kjölfar atviksins verður það að teljast sérstaklega ámælisvert af hálfu eftirlitsþega að leggja ekki út net fyrr en svo löngu seinna.

Matvælastofnun telur miðað við rannsókn málsins á seltustigi vatnsins í kringum stöðina og í botni fjarðarins að ferskvatnsfilma geti auðveldlega myndast við þegar fjarar frá, en eðlismassi saltvatns er þyngra en ferskvatns. Vorleysingar í Botnsá og mikið vatnsmagn í ánni auka enn frekar líkurnar á myndun ferskvatnsfilmu. Þannig telur Matvælastofnun ekki útilokað að seiðin hafi getað haldið sig í ferskvatnsfilmunni og fylgt henni upp í ánnu en ljóst er að net voru ekki lögð út fyrr en um 14 klukkustundum frá stroatburði og því nægur tími fyrir seiðin að synda frá útfalli stöðvarinnar.

Matvælastofnun telur ekkert í gögnum málsins gefa til kynna að seiðin hafi ekki verið heilbrigð eins og eftirlitsþegi vísar til. Sú staðreynd að meðalþyngd þeirra hafi verið um 40 grömm og þau ósmoltu gerir þau ekki sjálfkrafa óheilbrigð þrátt fyrir að hafa lent í þeim hremmingum að enda á gólfi stöðvarinnar, komast í niðurföll og enda í fjörunni.

Í ljósi alls framangreinds sem og rannsókna málsins í heild sinni stendur Matvælastofnun við það sem fram kemur í skoðunarskýrslu um að líkur séu á að seiði hafi lifað af og synt upp í Botnsá.

2. Fullyrðingar um saltlaust vatn.

Í skoðunarskýrslu kemur eftirfarandi fram: „Á þessum tíma var fjara og reyndist vatn þá vera án salts á öllu svæðinu. Síðar sama dag mættu eftirlitsmenn á aðfalli og athuguðu seltustig og reyndist vatn enn vera án salts í grennd við stöð enda Botnsá í vorleysingum og vatnsmagn mikið í ánni.“ Eftirlitsþegi veltir upp þeirri spurningu hvort Matvælastofnun hafi skjalfestar mælingar til að sanna seltumagn á svæðinu. Samkvæmt þeirra vitneskju hafi Matvælastofnun ekki framkvæmt almennilegar mælingar á seltu til dæmis með seltumæli. Þeirra eigin mælingar sýni seltu bæði við fjöru og flóð á svæðinu, en hærra seltustig við flóð. Þá leggur eftirlitsþegi áherslu á að við fjöru þorni svæðið verulega upp og möguleikar fisks til að lifa af séu takmarkaðir þegar hann lendir í fjörunni og komist svo í snertingu við saltvatn við hækkandi flóð. Því telur eftirlitsþegi Matvælastofnun ekki geta staðið við þessa fullyrðingu og dregur hana í efa.

Við rannsókn málsins notuðust eftirlitmenn Matvælastofnunar við skynmat beggja eftirlitsmanna og gaf það til kynna að vatn á þeim stöðum sem prófunin var gerð væri ósalt. Eftirlitsþegi vísar til seltumælinga sem framkvæmdar voru af þeim og að þær hefðu gefið til kynna að vatnið á svæðinu væri salt bæði við fjöru og flóð. Engin slík gögn fylgdu athugasemdunum eftirlitsþega og því ekki hægt að hnekkja skynmatsmælingum eftirlitsmanna.

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar í svari við lið 1 hér að framan hvað varðar myndun ferskvatnsfilmu og möguleika seiða á að lifa að og komast upp í Botnsá.

Matvælastofnun telur ekkert í athugasemdum eftirlitsþega hnekkja mati stofnunarinnar og stendur við fullyrðingar um að vatn í grennd við stöðina hafi verið ósalt.

3. Fullyrðingar um seinni varnir í frárennsli.

Í skoðunarskýrslu kemur eftirfarandi fram: „Matvælastofnun telur ljóst að fiskeldisstöð sé ekki útbúin með seinni vörnum í frárennsli úr niðurföllum á gólfi og seiði hafi því átt greiða leið út úr stöðinni.“ Eftirlitsþegi kveðst vera með seinni varnir til staðar í gólfi en ljós sé á sú vörn þarfnist endurbóta eftir þennan atburð. Eftirfarandi varnir séu til staðar: fyrsta vörn í kerjum, önnur vörn í niðurföllum á gólfi og þriðja vörn í vatnsmeðhöndlunarsíunni. Eftirlitsþegi telur ekki rétt að fullyrða að fiskurinn hafi átt greiða leið út þar sem meirihluti þess fisks sem endaði á gólfinu komst ekki út.

Eins og fram kemur í svari við lið 1 telur Matvælastofnun ljóst að einungis hluti af þeim seiðum sem flæddu út úr kerjunum hafi endað í útrennslisboxinu en stærsti hluti þeirra hafi farið yfir barma kersins og þannig endað á gólfi. Frárennsli úr niðurföllum gólfsins er ekki leitt inn í vatnsmeðhöndlunarsíur heldur er það leitt út í fjöruna við stöðina og því um að ræða aðskilin kerfi, annars vegar úr kerjum og í vatnsmeðhöndlunarsíur og hins vegar niðurföll sem leiða út í affall söðvarinnar. Fiskur sem flæðir yfir barma kers og lendir á gólfi kemst því í frárennsli stöðvarinnar í fjörunni þegar ristur í niðurföllum gólfsins eru ekki til staðar eins og var

Í umrætt sinn. Þar sem frárennsli úr húsi 3 kemur út í fjörunni er engin vörn og því ekki um að ræða neina vörn þegar upp koma atvik sambærileg þeim sem hér urðu þar sem engar ristar voru til staðar í niðurföllum í húsi 3. Það sama á væntanlega við hvað varðar fráveitu úr húsi 1. Eftirlitsþegi hef nú bætt varnir úr niðurföllum með því að setja í þau ristar en þá er engu að síður einungis ein vörn úr niðurföllum.

Ristar á gólfi stöðvarinnar eru þá fyrsta vörn í þeim tilfellum þegar sambærileg atvik koma fyrir eins og í umrætt sinn eða önnur atvik eins og ef ker myndu af einhverjum ástæðum gefa sig. Matvælastofnun telur því, þrátt fyrir andmæli eftirlitsþega, að þar sem ristar hafi ekki verið til staðar í niðurföllum hafi fiskurinn átt greiða leið út í gegnum frárennsli stöðvarinnar.

Í ljósi alls framangreinds tekur Matvælastofnun andmælum Arctic Smolt vegna skoðunarskýrslu dags. 5. og 7. júní 2024 ekki til greina. Bent er á að hægt er að kæra ákvörðunin til Matvælaráðuneytisins og fer um kæruna samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja.

**Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar**



Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur